

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Vörðhólsvegur 4, L175620, stækkun lóðar og byggingarreits.

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu sem tekur til lóðar Vörðhólsvegur 4, L175620. Í henni felst stækkun á lóð og byggingarreit til suðurs, önnur mörk lóðarinnar breytast ekki. Lóðin er skráð 5.242 fm í dag og verður 5.586 fm eftir breytingu.

Samþykkt í sveitarstjórn 21. ágúst 2024.

Deiliskipulagsbreyting, Brautarhóll, lóð, L206902, Vegholt 10, 12, 14, 16 og 18, breytt lóðamörk.

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu sem tekur til breytinga á lóðarmörkum Vegholts 10, 12, 14, 16 og 18 í Reykholti.

Samþykkt í sveitarstjórn 2. október 2024.

Deiliskipulag, Stórholt, L167650, byggingarreitir.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til lóðar Stórhólts úr landi Úteyjar 1. Stærð Stórhólts og skipulagssvæðisins eru 9 hektarar. Innan svæðisins eru skilgreindir byggingarreitir og byggingarheimildir fyrir m.a. gróðurhús, skemmu, frístundahús, íbúðarhús og gestahús.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. september 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 15. október 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 29. október 2024